

Selárvirkjun ehf.
Skúli Þórðarson
Refsstað III
690 Vopnafirði

2002030047
7502; 9310

Reykjavík, 12. júní 2002
/--

Efni: 140 kW virkjun í Selá, þverá Hofsár, Vopnafjarðarhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Selárvirkjunar ehf. mótttekið 3. maí 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaða 140 kW virkjun Selár, sem er þverá Hofsár í Vopnafirði, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. maí 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 22. maí og 10. júní 2002 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 15. maí 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 31. maí 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að fyrirhugað sé að virkja Selá við Refsstað og er afl virkjunarinnar áætlað 140 kW. Virkjaðir verða 280-420 l/s sem hefur það í för með sér að áin verður vatnslaus milli stíflu og frárennslis frá nóvember fram í apríl. Sumarrennslis frá maí fram í október er áætlað 40 % af venjulegu rennslis árinna.

Fram kemur að helstu mannvirki séu steipt stífla sem verður um 15 m löng og um 3 m há á milli kletta, en ofan hennar muni myndast 500 - 800 m² lón. Fyrirhugað sé að nota núverandi vegslóða við efnisflutninga að stíflunni. Undir lónið fari áreyrar, en því sé ætlað að safna framburði fremur en að miðla vatni. Frá stíflunni verði um 900 m löng aðrennslislögn að stöðvarhúsi sem áformað sé að verði reist við bæinn Refsstað. Mestur hluti lagnarinnar eða 600 m muni liggja um ógróna mela og áreyrar, en um 300 m í gegnum túnkant. Lögnin verði grafin í jörð og hulin jarðvegi sem verði tekinn úr nálægum rofabörðum og í lok framkvæmda verði sáð í rofabörðin og melana. Stöðvarhúsið verði grafið inn í túnkantinn og muni tvær

hliðar þess verða sjáanlegar að loknum framkvæmdum. Jarðstrengur verði lagður í tún um 100 m leið frá stöðvarhúsi og í spennistöð sem þjóni jafnframt húsum á bænum Refstað.

Fram kemur að veiði í Selá hafi verið lítil síðustu 50 árin og engin ofan fyrirhugaðs stöðvarhúss. Neðan virkjanasvæðisins hafi veiði verið 0-10 silungar á ári frá árinu 1950. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa áhrif á fuglavarp. Á virkjanasvæðinu séu þrír litlir fossar sem muni verða vatnslausir yfir vetrarmánuðina. Landeigendur standi fyrir framkvæmdum og telji virkjunina ekki matsskylda.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Umsögn barst ekki frá Vopnafjarðarhreppi en í gögnum framkvæmdaraðila er afrit af bréfi frá sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps með vilyrði um framkvæmdaleyfi byggingarnefndar.

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að umrædd virkjun hafi engin áhrif á veiðihlunnindi við Hofsá og hverfandi veiði hafi verið í Selá samkvæmt upplýsingum landeiganda. Þurrkun á ánni á töluverðum kafla valdi því ekki teljandi skaða. Veiðimálastjóri telur að fullnægjandi sé að taka umrædda virkjun til afgreiðslu samkvæmt ákvæðum 43. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og að virkjunin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er ekki talið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin bendir á að gögn um framkvæmdina séu afar takmörkuð og nauðsynlegt sé að jafnræðis sé gætt þegar framkvæmdaraðilar séu krafðir um gögn.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að ekki hafi verið gerð úttekt á fornleifum á jörðinni Refsstað í Vopnafirði og ekki séu fyrirliggjandi neinar upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Eðli og umfang framkvæmdarinnar sé þannig að Fornleifavernd ríkisins telji ekki þörf á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telji eftir sem áður fulla þörf á að gengið verði úr skugga um hvort framkvæmdin muni hafa áhrif á fornleifar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 140 kW virkjun í Selá, sem er þverá Hofsár við Refsstað í Vopnafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd mun taka til afmarkaðs svæðis og mun ekki hafa verulegt rask á náttúrufari í för með sér. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Fornleifaverndar ríkisins um nauðsyn þess að gengið verði úr skugga um hvort framkvæmdin hafi áhrif á fornleifar.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 140 kW virkjun Selár, þverá Hofsár, í Vopnafirði sé ekki líkleg til að

hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 77/1997 með síðari breytingum. Gerð stíflu, lagning aðrennslislagnar og bygging stöðvarhúss eru leyfisskyldar framkvæmdir og þar sem skipulag er ekki fyrir hendi þarf að sækja um meðmæli Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum áður en sveitarstjórn veitir leyfi fyrir framkvæmdunum.

Jafnframt er vakin athygli á 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 en þar segir: *"Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum."*

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júlí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Vopnafjarðarhreppur, Fornleifavernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins.